

hann því fram, að hann hefði keypt hjólið af manni, að nafni Eymundur Jónsson. Vildi ákærður eigi breyta þeim framburði, enda þótt honum væri bent á, að framburður hans væri ósennilegur, og var settur í gæzluvarðhald, en meðgekk þá sökina nokkru síðar.

Eftir það, að málið var tekið til dóms, taldi dómarrinn sig knúðan til að taka það fyrir á ný til frekari rannsóknar, sökum þess, að hinn skipaði talsmaður ákærðs þykir gefa það í skyn í varnarskjali sínu, að rannsóknardómarrinn eigi nokkra sök á því, að ákærður kannaðist eigi strax við sök sína, án þess þó, að séð verði, að réttarrannsóknin gefi tilefni til þess. Við framhaldsrannsókn þessa verður að telja það fyllilegar upplýst, að það hafi í raun og veru verið ásetningur ákærðs að þræta fyrir brot sitt og reyna að skrökva sig frá því.

Ákærður er fæddur 3. okt. 1907, og var því fullra 21 árs, er hann framdi brotið. Þykir eiga að heimfæra brot ákærðs undir 6. gr. laga nr. 51, 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og refsing hans, er áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neinn glæp, hæfilega metin 16 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði og ákærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður og málskostnað hins skipaða talsmanns síns, 25 kr.

Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið og meðferð þess verið vítalas.

---

Föstudagiinn 3. maí 1229.

Nr. 89/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)  
 gegn

**Sören Goos** (Lárus Fjeldsted).

Kaup á sild til bræðslu af erlendum skipum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 13. ág. 1928:  
 Kærður, Sören Goos verksmiðjueigandi, Siglufirði, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannafé.

**Dómur hæstaréttar.**

Það má ætla, að kærði hafi keypt hérurnrædda síld af skipum, sem hafa verið löglega stödd á Siglufirði, úr því að skipstjórnarnir hafa ekki verið sóttir til saka. Og það er ekki ástæða til að ætla, að samið hafi verið um sildarkaupin, áður en skipin komu til Siglu-  
fjarðar í þau skifti, sem kærði keypti sildina af þeim.

En við þannig löguð kaup á síld til bræðslu, verður ekki talið, að 9. gr. laga nr. 33/1922 eigi, svo sem greinin er orðuð og eftir greinargjörð landsstjórnarinnar fyrir lagafrumvarpinu á sínum tíma.

Það verður því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar, og leggja allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti á almannafé, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, sem ákveðin eru 60 kr. til hvors.

**Því dæmist rétt vera:**

Kærði, Sören Goos, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og hæstarétti, greiðist af almannafé, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málf lutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn sildarverksmiðjueiganda Sören Goos, Siglufirði, fyrir að hafa gjört brotlegur gegn lögum 19. júní, nr. 33, 1922, með því að kaupa nýveidda síld af erlendum fiskiskipum til sildarverksmiðju sinnar, Siglufirði, án leyfis atvinnumálaráðherra og að nokkru þrátt fyrir bann atvinnumálaráðuneytisins.

Málavextir eru þessir:

Kærði hefir keypt sild af norskum skipum sem hér segir

af s/s. Aspö . . . . .	20/7	243 tn.
- v/k. Leon . . . . .	21/7	20 —
- v/k. Lissi . . . . .	24/7	68 —
- s/s. Aspö . . . . .	25/7	162 —
- v/k. Septer . . . . .	25/7	37 —
- v/k. Leon . . . . .	24/7	48 —

Þá hefir kærður eftir að honum var tilkynnt, að atvinnu-  
málaráðuneytið hefði bannað honum að kaupa sild af erlend-  
um skipum, keypt svo sem hér segir:

af s/s. Aspö . . . . .	28/7	15 tn.
- s/s. Jóna . . . . .	6/8	76 —

Um kaup þessi er ekkert fyrirfram samið, heldur eftir á, er  
skipin komu á Siglufjarðarhöfn af tilviljun með veiði sína.

Hér er tvennt að athuga:

1. Hafa erlend skip leyfi til að setja veiði sína á land, og  
að hve miklu leyti?
2. Er þeim sérstaklega bannað að selja sildarverksmiðjum  
í landinu sildveiði, sem þeim væri leyfilegt að selja  
öðrum.

Að því, er fyrra atriðið snertir, þá bannar 3. gr. 2. mgr. laga  
33/1922 útlendum fiskiskipum »að hafast við við land eða í  
höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi«. Það  
er því eigi allskostar bannað erlendum fiskiskipum »að hafast  
við við land eða í höfn«, heldur aðeins að svo miklu leyti,  
sem það er »til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan land-  
helgi«.

Samkvæmt þessum síðast tilvitnuðu orðum, verður að telja  
það óleyfilegt erlendum skipum að hafast við við land, svo  
að skipin hafi stöð í islenzkri höfn, eða innan landhelgi, og í  
ástæðum fyrir lagafrumvarpinu segir m. a.: »erlendum fiski-  
veiðaförum ekki meinað að leita hafnar, til þess að taka kol,  
eða aðrar nauðsynlegar vistir, eða til þess að selja veiði sína,  
ef ekki eru svo mikil brögð að slíkum sölum, að sölurnar  
sýni, að farið hefir stöð í höfn«, og í praxis hefir þeirri reglu  
verið fylgt. Í hverju einstöku tilfelli getur það oft verið erfitt  
fyrir dómstólana að dæma um, hvort svo mikið kveði að söl-  
unni, að skipið hafi stöð í höfn, en sú sala, sem hér hefir  
átt sér stað, er auðsjáanlega ekki þess eðlis, að skipin hafi  
haft stöð í höfn. Skipin hafa því mátt selja hina seldu veiði í  
land, og er þá eftir að rannsaka, hvort nokkur lagaákvæði

hamli því, að skipin hafi selt hina seldu veiði sína sildarverksmiðjum í landinu. Er þá komið að öðru úrlausnatriðinu: er erlendum skipum sérstaklega bannað að selja sildarverksmiðjum í landinu sildveiði sína, sem þeim væri leyfilegt að selja öðrum, eða í öðru skyni, t. d. til söltunar.

Um þetta atriði hefir nokkuð verið deilt, og er það 9. gr. téðra laga, sem helzt mætti ætla, að bannaði slíka sölu til verksmiðjanna. 9. gr. segir: »atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess, að eigendur sildarolíu- eða sildarmjölsværksmiðju eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar, til eiginna nota, þrátt fyrir bannið í annari málsgrein 3. greinar. Það verður varla sagt, að verksmiðjurnar *noti* erlend skip til þess að fiska fyrir sig, þótt þær kaupi í einstaka tilfellum sild (eða aðra veiði) af skipum, sem komin eru í höfn, án þess áður sé um kaupin samið, og án þess að svo mikið kveði að kaupunum, að skipin við það hafi stöð í höfn. Það verður því að telja rétt, að greinin eigi eingöngu við kaup samkvæmt föstum samningi frá skipum, sem hafa stöð í höfn, en um önnur kaup af erlendum fiskiveiðaskipum fari eftir því, sem annars er leyfilegt samkv. 3. gr. laganna. En það sem þó hér virðist taka allan vafa af, er tilgangur 9. gr. Tilgangurinn með þeirri grein var sá, að heimila atvinnumálaráðherra að veita erlendum skipum leyfi, til þess að selja sildarverksmiðjum veiði sína, þótt svo mikið kvæði að sölnni, að skipin hefðu stöð í höfn, m. ö. o. að veita heimild til undanþágu fyrir sildarverksmiðjurnar frá 3. gr. (2. mgr.) þar sem álitid var, að ef verksmiðjurnar fengju ekki leyfi til þess að kaupa sild af erlendum skipum, nema að svo miklu leyti, sem þau hefðu ekki stöð í höfn, (3. gr. 2. mgr.) mundi það verða sildarverksmiðjunum alls ófullnægjandi. Það hefði líka verið óeðlilegt og gagnstætt islenzkum hagsmunum, ef lögin hefðu ákveðið, að erlend skip mættu almennt selja meiri sild til söltunar en til bræðslu í verksmiðjur, því að sild til söltunar, keypt af erlendum skipum, keppir meir við sildarframleiðslu landsmanna en bræðslusildin.

Í ástæðum lagafrumvarpsins, sérstaklega 9. gr., er sama skilningi haldið fram. Þar segir:

»Þar sem verksmiðjur þær, sem vinna sildarlýsi og sildarmjöl, eins og nú er, geta ekki fengið nægilegt efni til starfrækslu frá islenzkum skipum eingöngu, þykir rétt að gjöra þeim mögulegt á þann hátt, sem hér er lagt til, að nota

erlend för til þess að flytja þeim sild, veidda utan landhelgi, umfram það, sem annars er leyft«. Orðin: »umfrám það, sem annars er leyft« sýna ljóslega, að með 9. gr. á ekki m. a. að veita heimild til þess að banna að selja sildarverksmiðjum þá sild erlendra skipa, sem skipunum væri annars leyfilegt að selja öðrum, heldur að veita atvinnumálaráðherra heimild til undanþágu frá lögnum fyrir verksmiðjurnar.

Eftir þessum úrslitum verður eigi séð, að skip þau, er að framan ræðir um, að selt hafi Sören Goos veiði sína, hafi gjört sig seka í ólöglegri sölu, og að Sören Goos hafi þá líka heldur ekki gjört sig sekan um ólöglegt athæfi eða í broti á lögum 33/1922, við að kaupa þá sild til verksmiðju sinnar, og að kærðan, Sören Goos, beri því að sýkna af ákæru valdstjórnarinnar í þessu máli og að kostnaðurinn við sökina greiðist af almannafé.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

Mánudaginn 13. maí 1929.

Nr. 82/1928.      **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)

gegn

**fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs** (Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfrýjandi sóttur um vangreiddar tekjur rikissjóðs og annað fé, er hann hafði haft í vörzlum og umsjá sinni sem sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. ág. 1928: Framangreindum kröfuliðum í aðalsök og gagnsök visast frá dómi.

Í aðalsökinni greiði gagnstefnandi, Einar M. Jónasson, aðalstefnandanum, Magnúsi J. Kristjánssyni, f. h. rikissjóðs, kr. 65112.02 með 5% ársvöxtum frá 16. apríl þ. á. til greiðsludags, og staðfestast lögaldsgjörðirnar frá 14.—20. marz þ. á. fyrir þeirri upphæð. Málskostnaður í aðalsök falli niður.

Í gagnsókinni á aðalstefnandi að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, en gagnstefnandi að greiða honum 500 krónur í málskostnað í henni.